

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um samanburð á launakjörum lögreglumanna hér á landi og í Danmörku.

Frá Margréti Frímansdóttur.

1. Hver eru mánaðargrunnlaun almennra lögreglumanna sem lokið hafa lögreglunámi hér á landi eftir 1 árs, 5, 10, 15, 20 og 25 ára starf? Hver eru mánaðargrunnlaun lögreglumanna með lögreglumenntun í Danmörku, skipt niður á sömu ár? Hver eru mánaðarlaun menntaðra lögreglumanna hér á landi með föstu vaktaálagi, skipt niður á sömu starfsár? Hver eru mánaðarlaun menntaðra lögreglumanna í Danmörku með föstu vaktaálagi, skipt niður á sömu starfsár? Hvert er meðaltal yfirvinnutíma á mánuði á hvern menntaðan lögreglumann sem gengur almennar vaktir hér á landi, skipt niður á embætti og sömu starfsár? Hvert er sambærilegt meðaltal yfirvinnutíma í Danmörku?
2. Hver eru mánaðargrunnlaun almennra lögreglumanna sem hafa ekki lokið lögreglunámi hér á landi eftir 1 árs, 5, 10, 15, 20 og 25 ára starf? Hver eru mánaðargrunnlaun lögreglumanna án lögreglumenntunar í Danmörku, skipt niður á sömu ár? Hver eru mánaðarlaun ómenntaðra lögreglumanna hér á landi með föstu vaktaálagi, skipt niður á sömu starfsár? Hver eru mánaðarlaun ómenntaðra lögreglumanna í Danmörku með föstu vaktaálagi, skipt niður á sömu starfsár? Hvert er meðaltal yfirvinnutíma á mánuði á hvern ómenntaðan lögreglumann sem gengur almennar vaktir hér á landi, skipt niður á embætti og sömu starfsár? Hvert er sambærilegt meðaltal yfirvinnutíma í Danmörku?
3. Hver eru mánaðargrunnlaun varðstjóra í lögreglunni hér á landi eftir 1 árs, 5, 10, 15, 20 og 25 ára starf? Hver eru mánaðargrunnlaun varðstjóra í lögreglunni í Danmörku eftir sama starfsárafjölda? Hver eru mánaðargrunnlaun ásamt föstu álagi hér á landi og í Danmörku, skipt niður á sömu ár? Hvert er meðaltal yfirvinnutíma varðstjóra á mánuði, skipt niður á lögreglumdæmi? Hvert er meðaltal yfirvinnutíma á mánuði hjá varðstjóra eða manni í sambærilegri stöðu í Danmörku?

Skriflegt svar óskast.